



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

76 tölublað 7. árgangur apríl 2019 Ábyrgðarmaður: Jónína Garðarsdóttir

náms **A**hugi-þ **R**autseigja- **S**amvinna-lei **K**ur-útisk **O**li- **G**leði- **U**mhyggja-vi **R**öðing

Kæru foreldrar

Dagarnir eru annasamir hjá okkur í skólanum að vanda. Nú snýst skólastarfið að miklu leyti um undirbúning árs hátíðar sem verður í næstu viku. Æfingar, búningamátun og leiksviðsgerð einkenna starfið þessa dagana og mikill spenningur og eftirvænting liggur í loftinu.

Við vonumst til þess að sjá sem flesta á hátíðinni okkar.

Bestu kveðjur, Jóna og Jónína

Breytingar meðal starfsmanna

Eftir páska mætir Heike aftur til starfa. Hún mun taka við starfi Írisar sem umsjónakennari 1.-3. bekkjar en Íris hefur verið ráðin sem þjónustu- og upplýsingafulltrúi á fjármála- og stjórnsýslusviði Dalvíkurbyggðar. Hún tekur við því starfi 15. apríl. Við óskum Írisi til hamingju með nýja starfið.

Um mánaðarmótin ætlar Hanna Gerður leikskólakennari að fara í veikindaleyfi að hluta til og minnkar við sig niður í 50% stöðu og verður eingöngu hjá okkur eftir hádegi.

Sundkennsla

Sundkennsla grunnskólastigs hefst þriðjudaginn 2. apríl en föstudaginn 5. apríl hjá leikskólastigi (4-5 ára) þá þurfa allir að mæta með sundfatnað, hettu og gleraugu og annað sem tilheyrir. Sundkennsla leikskólastigs verður eingöngu á föstudögum en grunnskólastigs bæði þriðjudaga og föstudaga. Nánari upplýsingar verða sendar í tölvupósti.

Árshátíð Árskógar skóla



Árshátíðin verður haldin fimmtudaginn 4. apríl kl: 17 í félagsheimilinu Árskógi.

Þemað er sögur eftir Astrid Lindgren. Leikendur á grunnskólastigi þurfa að vera mættir í félagsheimilið kl: 16:30 en leikendur á leikskólastigi kl. 16:50. Foreldrafélag skólans býður upp á kaffi og með því að sýningu lokinni. Hlökkum til að eiga með ykkur ánægjulega stund.

Miðaverð er:

18 ára og eldri 1000kr

6-18 ára 500kr

0-6 ára frítt.

Enginn posi er á staðnum.



Viðburðadagatal apríl 2019

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
1 Ingibjörg Jóna 11 ára 	2 Blár dagur Sundkennsla hefst hjá 1-6 b. 	3	4 Árshátíð Kl: 17 	5 Sundkennsla hefst hjá Kötlukoti 	6	7
8	9	10	11	12	13	14 Pálmásunnudagur
15 Grunnskólastig frí	16 Grunnskólastig frí	17 Grunnskólastig frí	18 Skírdagur Lokað	19 Föstudagurinn langi Lokað	20	21 Páskadagur
22 Annar í páskum Lokað	23	24	25 Sumardagurinn fyrsti Lokað	26	27 Gabríel Þór 11 ára 	28
29	30	1. Verkalýðsdagurinn Lokað				